

ÁRSSKÝRSLA 2021

AMNESTY
INTERNATIONAL



AMNESTY
INTERNATIONAL



60 ÁRA AFMÆLI AMNESTY

HVAD ERU MANNRÉTTINDI?

Mannréttindi eru grundvallaréttindi okkar allra. Þau eru ekki óháð því hvern við erum. Þess réttindi og frjálshættu byggja á gildum eins og mannlægri rétti, samgæmni, þjálfun, viðunandi samfélagi. Mannréttindi eru ekki einungis hugtak heldur eru þau jafnframt skýring og vernduð samkvæmt alþýðulögum.

WHAT ARE HUMAN RIGHTS?

Human rights are basic rights all humans have. They are ours regardless of who we are, where we live, what we believe in or what kind of life we choose to live. These rights and freedoms are based on values like human dignity, fairness, equality, respect, and independence. Human rights are not only a concept, they are also defined and protected by international law.



AMNESTY INTERNATIONAL STENDUR VÖRÐ UM MANNRÉTTINDI, RÉTTLÆTI, FRELSI OG REISN

Amnesty International er alþjóðleg mannréttindahreyfing rúmlega tíu milljóna einstaklinga í meira en 150 löndum.

Félögum misbýður þau mannréttindabrot sem eiga sér stað um heim allan en sameinast í von um betri heim þar sem sérhver einstaklingur nýtur mannréttinda sinna.

Hreyfingin leitar hvorki eftir né tekur við fjármagni til mannréttindarannsókna frá ríkisstjórnnum eða stjórnmalaflokkum og þannig er starf Amnesty International óháð trúarbrögðum, hagsmunum fyrirtækja og stjórnmalastefnum. Amnesty International treystir eingöngu á frjáls framlög frá einstaklingum eins og þér til þess að tryggja hlutleysi hreyfingarinnar.

Í krafti alþjóðlegrar samstöðu vinnur hreyfingin að því að vernda fólk hvar sem er í heiminum, þar sem brotið er á mannréttindum, réttlæti, frelsi eða reisu. Starf samtakanna skilar raunverulegum árangri en á hverju ári fær fjöldi einstaklinga lausn sinna mála vegna þrýstings frá þúsundum aðgerðasinna. Lögum ríkja og háttarni yfirvalda hefur einnig verið breytt fyrir tilstuðlan starfs Amnesty International.

Amnesty International nýtur trausts samfélagsins og leita yfirvöld til samtakanna eftir áliti og athugasemdum við frumvörp til laga og tillögur til þingsályktunar sem deildin veitir fúslega þegar við á.

ÞÁTTTAKA ÞÍN BJARGAR MANNSLÍFUM!

Allt starf Amnesty International er fjármagnað og knúið áfram af einstaklingum eins og þér!

Hvert framlag – hver aðgerð vegur þungt.

**Íslandsdeild Amnesty International
þakkar félögum fyrir ómetanlegan
stuðning á árinu 2021**



ÁRSSKÝRSLA ÍSLANDSDEILDAR AMNESTY INTERNATIONAL 2021

Amnesty International stendur vörð um mannréttindi, réttlæti, frelsi og reisu	2
Frá stjórnarformanni – Sterk hreyfing á viðsjárverðum tímum	4
Fólkið á bak við starfið	5
Verkefni 2021	6
Ályktanir stjórnar og stefnumótun Íslandsdeildarinnar	8
Hreyfingin 60 ára	9
Aðgerðastarf	10
Þitt nafn bjargar lífi	11
Ný heimsstefna til næstu átta ára	12
Fjölmiðlar og samskipti við stjórnvöld	13
Fjáröflun og félagaöflun	14
Myndir úr starfinu	14
Helstu tekjur og gjöld	15

FRÁ STJÓRNARFORMANNI – STERK HREYFING Á VIÐSJÁRVERÐUM TÍMUM

Í nýrri heimsstefnu Amnesty International skipa tjáningar-frelsið og vernd á borgaralegu rými stóran sess. Undanfarnar vikur hafa sýnt fram á nauðsyn og mikilvægi þess að tryggja fólki öruggan og greiðan aðgang að því að geta mótmælt og tjáð sínar skoðanir. Sú barátta mun halda áfram, enda eru áskoranirnar margar. Við þurfum því að vera framsækin og tilbúin til að standa vörð um þessi réttindi.

Kórónuveirufaraldurinn hefur áfram sett mark sitt á starfsemi Íslandsdeildar Amnesty International. Við höfum þurft að læra að aðlagða starf okkar breyttum aðstæðum og höfum því lagt aukna áherslu á vitundarvakningarherferðir og miðlun mannréttindarannsókna, t.a.m. með nýju hlaðvarpi. Nú getum við þó byrjað að horfa fram á við. Stjórn og starfsfólk Íslandsdeildarinnar hafa því staðið að víðtækri stefnumótun, og afurð hennar er skýr stefna sem getur nýst okkur næstu árin.

Verksvið Amnesty International hefur vikkað talsvert frá því samtökin voru stofnuð í maí 1961, fyrir rúmum sextíu árum. Við höldum áfram að berjast fyrir lausn samviskufanga, en verkefni okkar eru margþættari til þess að bregðast við breyttum áskorunum á sviði mannréttinda. Nýjasta viðbótin í starfi okkar eru loftslagsmálin, stærsta mannréttindaáskorun okkar tíma. Agnes Callamard, nýráðinn aðalritari Amnesty International, komst vel að orði þegar hún sagði: „Það er auðvelt að taka plánetunni okkar sem sjálfsagðri þangað til við förum að finna fyrir afleiðingum hnignunar jarðar: hungursneyðum, flóttu, atvinnuleysi, veikindum og dauðsföllum.“ Þó svo að loftslagið virðist kannski ekki við fyrstu sýn vera mannréttindamál eru afleiðingar hamfarahlýnunar það svo sannarlega, og Íslandsdeildin mun berjast fyrir loftslagsréttindum á komandi árum.

Íslandsdeildin stendur traustum fótum og er tilbúin til að takast á við komandi áskoranir, og stjórnin hefur skýr markmið og skýra sýn á verkefni deildarinnar. Um leið og ég vil þakka fyrir traustið sem mér hefur verið sýnt meðan á formennsku minni hefur staðið vil ég óska nýjum stjórnarformanni velfarnaðar í starfi. Hlutverk Amnesty International hefur aldrei verið jafn mikilvægt og á þessum viðsjárverðu tímum. Það er undir okkur komið að standa vörð um mannréttindi okkar og komandi kynslóða.

*Þórhildur Elísabet Þórsdóttir, stjórnarformaður
Íslandsdeildar Amnesty International*



Þórhildur Elísabet Þórsdóttir, formaður
Íslandsdeildar Amnesty International.



GÓÐAR FRÉTTIR: SIGRAR FRÁ MÁLUM ÞITT NAFN BJARGAR LÍFI 2020

Nassima varð frjálst á ný en hún var fangelsuð árið 2018 fyrir friðsamlega mannréttindabaráttu í Sádi-Arabíu. Germain var leystur úr haldi en hann var dæmdur í 32 ára fangelsi á grundvelli upplöginna sakargifta í Búrúndí. Hópur frá háskóla í Tyrklandi var sýknaður fyrir þátttöku í friðsamlegri gleðigöngu.

FÓLKID Á BAK VIÐ STARFIÐ

Íslandsdeildin er ein af fjölmörgum landsdeildum Amnesty International en samtökin eru starfrækt í 68 löndum. Starfsemi Íslandsdeildarinnar væri ekkert án fólksins en þar sitja nú sjö í stjórn, fimm ungmenni sitja í stjórn ungliðahreyfingarinnar og eru átta stöðugildi á skrifstofu deildarinnar allt árið um kring.



STJÓRN ÍSLANDSDEILDARINNAR 2021–2022

Formaður

Þórhildur Elísabet Þórsdóttir

Varaformaður

Claudia Ashonie Wilson

Ritari

Andrean Sigurgeirsson

Gjaldkeri

Ólöf Salmon Guðmundsdóttir

Meðstjórnandi

Eva Einarsdóttir

Varamenn

Harpa Pétursdóttir

Helena Hafsteinsdóttir



STJÓRN UNGLIÐA

Formaður

Andrea Sjöfn Auðardóttir

Meðstjórnendur

Hugrún Júlía Gunnarsdóttir

Karólína Rós Bjartsdóttir

Natalía Sif Stefánsdóttir

Sayed Wahab Hashimi



STARFSFÓLK ÁRIÐ 2021

Framkvæmdastjóri

Anna Lúðvíksdóttir

Fjáröflunarstjóri

Sonja Huld Guðjónsdóttir

Herferðastjóri

Bryndís Bjarnadóttir

Ungliða- og aðgerðastjóri

Árni Kristjánsson (hóf störf í mars)

Hera Sigurðardóttir (lét af störfum í september)

Fræðslustjóri

Vala Ósk Friðudóttir

Rekstrarfulltrúi

Anna Dóra Valsdóttir

Lögfræðingur

Þórunn Pálína Jónsdóttir

(hóf störf í ágúst)

Birna Guðmundsdóttir

(lét af störfum í ágúst)


Verkefnastjóri

Rúna Friðriksdóttir

Bókari

Debet – endurskoðun og reikningsskil

FÉLAGAR OG AÐGERÐASINNAR ÁRIN 2020–2021



VERKEFNI 2021

BAKHJARLAR FLÓTTAFÓLKS

Vinna við verkefnið *Bakhjarlar flóttafólks* (e. Community sponsorship) hélt áfram á árinu en í því felst að almennir borgarar, hópar eða samfélög bjóðast til að gerast fjárhagslegir bakhjarlar og stuðningsaðilar flóttafólks í eigin landi í eitt til tvö ár eftir komu þess til landsins. Flóttafólkið hefur þá flest verið skrásett í flóttamannabúðum Sameinuðu þjóðanna og fengið viðurkennda stöðu sem slíkt. Í stað þess að ríkið haldi alfarið utan um endurbúsetu flóttafólksins í þriðja landi koma sjálfbærliðar, einkaaðilar eða samtök, að ferlinu með því að leggja fram fjárhagsaðstoð og annars konar aðstoð við að auðvelda móttöku og aðlögun flóttafólksins að samfélaginu. Bakhjarlar flóttafólks leysa þó aldrei ábyrgð stjórnvalda af hólmi.

ÁHERSLUR 2021

Íslandsdeild Amnesty International

hefur lagst í mikla grunnvinnu vegna verkefnisins og meðal annars gefið út upplýsingabækling um það, sem kynntur verður íslenskum stjórnvöldum. Deildin lét einnig gera myndbönd um sannar dæmisögur farsællar móttöku flóttafólks á Íslandi sem ætluð eru til kynningar og stuðnings verkefninu. Þó nokkur samtök hafa sýnt verkefninu mikinn áhuga og vilja taka þátt í áframhaldandi hugmyndavinnu því tengdu. Óhætt er að segja að kórónuveirufaraldurinn hafi sett strík í reikninginn og haft áhrif á framgang verkefnisins. Ákveðið var að fresta því í nokkra mánuði á meðan faraldurinn stóð sem hæst en aftur var farið af stað síðastliðið haust. Nýr verkefnastjóri, Þórunn Pálína Jónsdóttir, átti reglulega fundi haustið 2021 með fulltrúa Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna, sem er áhugasamur og tilbúinn að veita sitt liðsinni svo verkefninu verði komið á

laggirnar á Íslandi. Einnig hafa samskipti við fulltrúa félags- og vinnu-markaðsráðuneytisins bent til þess að áhugi á verkefninu hafi vaknað hjá stjórnvöldum. Ljóst er að verkefni deildarinnar um að íslensk stjórnvöld komi á umræddri móttökuleið er langhlaup. Vinna í tengslum við það heldur áfram árið 2022.

EINANGRUNARVIST FANGA

Á síðasta ári var ákveðið að auka vægi rannsókna innan Íslandsdeildarinnar. Í ljósi væntanlegrar heimsóknar nefndar Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum, sem sér um eftirlit með samningi SP gegn pyndingum og annarri grimmi-legri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, skoðaði Íslandsdeildin lagaumhverfi hér á landi og beitingu einangrunarvistar. Deildin safnaði gögnum og upplýsingum frá opinberum aðilum og öðrum hagaðilum á árinu og varð niðurstaðan sú að ástæða væri til frekari rannsóknar á beitingu einangrunarvistar í gæsluvarðhaldi. Á meðan deildin byggir upp reynslu og þekkingu á rannsóknarvinnu á námskeiði hjá aðalstöðvum Amnesty International hefur verið leitað utan-aðkomandi aðstoðar rannsakandans Louise Finer frá Bretlandi. Louise hefur yfir 20 ára starfsreynslu á sviði mannréttinda og sérþekkingu á varðhaldsvist og eftirlitsstarfsemi. Hún stýrði um árabíl skrifstofu um eftirlit með frelsis-sviptum í Bretlandi. Von er á henni til landsins árið 2022 þar sem hún mun ræða við ýmsa hagaðila.

GAGNKVÆM AÐLÖGUN ALLS FLÓTTAFÓLKS Á ÍSLANDI

Á árinu lauk þriggja ára verkefni Íslandsdeildarinnar þar sem sjónum var beint að gagnkvæmri aðlögun flóttafólks á Íslandi í gegnum fræðslu og vitundarvakningu um mannréttindi flóttafólks.

ÁHERSLUR 2021

Í september gáfu Íslandsdeild Amnesty International og Mannréttindaskrifstofa Íslands út þrjú fræðslumyndbönd um mannréttindi á sex tungumálum (íslensku, ensku, pólsku, spænsku, persnesku og arabísku). Myndböndin fjalla um jafnrétti, réttindi á vinnu-markaði og réttindi barna. Markmiðið með myndböndunum er að veita



Kenneth Koraz, viðmælandi í myndbandi um réttindi flóttafólks.

TJÁUM OKKUR

Á árinu gaf Íslandsdeildin út hlaðvarpsþettina **TJÁUM OKKUR**. Þættirnir fjalla um tjáningarfrelsið almennt, af hverju það er mikilvægt og hvenær geti talist réttlæt看legt, ef nokkru sinni, að skerða þetta grundvallarfrelsi okkar. Einnig var fjallað um tjáningarfrelsið á tímum kórónuveirufaraldursins, svokallaða upplýsingaóreiðu og falsfréttir, hatusorðræðu, fjölmiðlafrelsi og fleira sem tengist tjáningarfrelsinu órofa böndum. Fjölmargir góðir gestir sátu fyrir svörum í hlaðvarpinu og ræddu málin við starfsfólk Íslandsdeildar samtakanna. Hægt er að hlusta á þættina á Spotify.

flóttafólki og öðrum innflytjendum gagnlegar grunnupplýsingar um réttindi í þessum þremur málaflokkum í tengslum við íslenskt samfélag.

Fræðslumyndböndin voru unnin í samvinnu við framleiðslufyrirtækið KIWI, Alþýðusamband Íslands, sérfræðinga á sviði mannréttinda og síðast en ekki síst fólk sem hingað hefur komið til lands á flótta og deilir sinni reynslu. Myndböndin eru aðgengileg á vefsíðu Amnesty International og Mannréttindaskrifstofu Íslands en einnig hefur þeim verið dreift til ýmissa stofnana og samtaka sem vinna með flóttafólki og innflytjendum.

Þrátt fyrir að nú sé verkefninu um gagnkvæma aðlögun flóttafólks á Íslandi formlega lokið mun Íslandsdeildin halda áfram að beita sér fyrir réttindum þessa viðkvæma hóps í gegnum önnur verkefni, fræðslu, vitundarvakningu, aðgerðastarf og með aðhaldi við stjórnvöld.

TJÁNINGARFRELSI – RÉTTURINN TIL AÐ MÓTMÆLA

Frelsi til að kalla eftir breytingum og magna slíkt ákall í fjöldahreyfingu er mikilvægt í opnu, lýðræðislegu og réttindamiðuðu samfélagi. Mótmæli gera fólki kleift að tjá skoðanir sínar, krefjast samfélagsumbóta, benda á misrétti, krefjast réttlætis vegna mannréttindabrota og kalla eftir ábyrgðarskyldu stjórnvalda.

Fyrir tilstilli mótmæla getur fólk sem sætt hefur þöggun eða valdniðslu endurheimt rödd sína, styrk og pólitískt vald. Mótmæli skapa einnig tækifæri til að verja og styðja við réttindi annarra. Þannig hefur rétturinn til að mótmæla um langa hríð verið mikilvægt vopn í mannréttindabaráttunni og leitt af sér stórkostlegar umbætur, ýmist í þágu tiltekinnna hópa samfélagsins eða þjóðfélagsins í heild.

MEGINÁHERSLUR 2021

Íslandsdeild Amnesty International stóð að vitundarvakningu og fræðslu um réttinn til að mótmæla með margvíslegu efni, bæði á heimasíðu deildarinnar, samfélagsmiðlum og í auglýsingamiðlum, auk þess að þýða og gefa út ítarlegt kennsluefni fyrir grunnskóla landsins sem og framleiða hlaðvarpsþætti um hinar ýmsu hliðar tjáningarfrelsisins. Áætla má að rúmlega 420 manns hafi ýmist skoðað efnið á heimasíðunni eða á samfélagsmiðlum.

Auglýsingastofan Kontor hannaði efni fyrir Íslandsdeildina undir slagorðinu „Án mótmæla verða engar breytingar“, með áherslu á myndefni sem sýnir söguleg mótmæli bæði heima og að heiman. Auglýsingaefnið var mjög sýnilegt á umhverfisskiltum víða um

Upplýsingar til íslenskra stjórnvalda um BAKHJARLA FLÓTTAFÓLKS



höfuðborgarsvæðið og var einnig birt á samfélagsmiðlum.

Í heimsstefnu samtakanna til næstu átta ára er sérstök áhersla lögð á herferð um tjáningarfrelsið og skyld réttindi svo Íslandsdeildin býr vel að því efni sem þegar hefur verið unnið og kynnt almenningi.



ÁLYKTANIR STJÓRNAR OG STEFNUMÓTUN ÍSLANDSDEILDARINNAR

YFIRLÝSING STJÓRNAR VEGNA ENDURSENDINGA FLÓTTAFÓLKIS TIL GRIKKLANDS

Íslandsdeild Amnesty International sendi frá sér yfirlýsingu í nóvember vegna endursendinga flóttafólks frá Íslandi til Grikklands. Þar segir m.a. að það sé mikið áhyggjuefni að íslensk yfirvöld taka ítrekað umsóknir um alþjóðlega vernd ekki til efnislegrar meðferðar og senda þess í stað umsækjendur til Grikklands þar sem þeir hafa þegar hlotið alþjóðlega vernd. Aðbúnaður flóttafólks í Grikklandi hefur m.a. verið gagnrýndur af Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna og Amnesty International. Fjöldmargar heimildir, svo sem skýrslur Evrópuráðsins og mannréttinda- og frjálsra félagasamtaka, gefa til kynna að raunverulegri stöðu flóttafólks í Grikklandi sé verulega ábótavant.

Bent er á að ekki megi flytja umsækjanda um alþjóðlega vernd til viðtökuríkis ef veigamikil rök standa til þess að raunveruleg hættu sé á að hann sæti þar eða við flutninginn ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð ... Þá er brýnt að benda á að



Stjórn í stefnumótunarvinnu

mikilvægt er að taka sérstaklega tillit til stöðu og þarfa kvenna og stúlkna við mat á umsóknum fólks um alþjóðlega vernd. Kyn og kyngervi skipta miklu máli þegar fjallað er um málefni flóttafólks. Það er staðreynd að staða kvenna í neyð og á flótta er sérstaklega viðkvæm þar sem þær standa frammi

fyrir fjölpætttri mismunun, svo sem kynbundinni mismunun og kynferðislegu ofbeldi. Yfirlýsinguna má lesa í heild á vefsíðu Íslandsdeildarinnar www.amnesty.is.

STEFNUMÓTUN ÍSLANDSDEILDARINNAR

Á haustmánuðum skipulögðu stjórn og skrifstofa stefnumótunardag. Eva Magnúsdóttir frá Podium stýrði deginum af mikilli kunnáttu og leiddi stefnumótunarvinnu deildarinnar er varðar stjórnarstarf annars vegar og aðgerðaáætlun stjórnar og skrifstofu hins vegar. Útkoman er skýr sýn á framtíð og markmið deildarinnar, traustur grunnur að aðgerðaáætlun þar sem hver og einn þekkir hlutverk sitt. Stefna sem þjónar öllum hagsmunahópum samtakanna.

Framtíðasýn deildarinnar er að vinna eftir stefnu alþjóðasamtakanna hverju sinni, auka áherslu á að uppræta mannréttindabrot innanlands, auka sýnileika og vörumerkjavitund auk þess að vera virkari í umræðunni í íslensku samfélagi. Við viljum stækka samtökin og gera þau aðgengilegri fyrir alla. Deildin stefnir á að auka rannsóknarstarf, fræðslu og sérþekkingu á stöðu mannréttinda innanlands.



GÓÐAR FRÉTTIR:

BÓLUEFNI TIL NEPALS

Í kjölfar skýrslu Amnesty International um átakanlegt ástand í Nepal í annarri bylgju kórónuveirunnar ásamt þrýstingi og áköllum, meðal annars frá Íslandi, gáfu japönsk stjórnvöld 1,6 milljónir bóluefnaskammta til Nepals, stjórnvöld í Bútan gáfu 230.000 skammta og stjórnvöld í Bretlandi 130.000 skammta.

HREYFINGIN 60 ÁRA

AÐGERÐASINNI AMNESTY INTERNATIONAL HEIÐRAÐUR

Í tilefni af 60 ára afmæli Íslandsdeildar Amnesty International leitaði deildin að tilnefningum frá almenningi um þann sem hljóta skyldi heiðursnafnbótina Aðgerðasinni **AMNESTY INTERNATIONAL** fyrir baráttu sína hér á landi fyrir réttlátari heimi.

Stjórn Íslandsdeildar Amnesty International veitti Sveini Rúnari Hauksyni heiðurstilinn **AÐGERÐASINNI AMNESTY INTERNATIONAL** en hann hefur frá unga aldri verið öflugur málsvari mannréttinda bæði á sviði geðheilbrigðismála og með félaginu Ísland-Palestína. Sveini var afhent viðurkenning þann 28. maí, á sjálfum afmælisdegi deildarinnar. Viðurkenningin var veitt í Pósthússtræti undir gulri viðvörðun veðurstofunnar, en það átti vel við þar sem guli liturinn er einkennislitur samtakanna. Á sama tíma opnaði Íslandsdeildin sýningu á sögu samtakanna og mannréttindasígra síðustu 60 ára. Pósthússtræti var gert að vistgötu og sýningin sett þar upp en hún var veigamikil og áberandi. Hún hlaut mikið lof gesta og gangandi og fékk að standa uppi mestan hluta sumarsins. Sýningin var unnin í samstarfi við Kolofon og Reykjavíkurborg.

ÁHRIF KÓRÓNUVEIRUFARALDURSINS

Þegar nýtt ár gekk í garð báru stjórn og starfsfólk deildarinnar þá von í brjósti að kórónuveirufaraldurinn hefði ekki eins mikil áhrif á starfsemi deildarinnar og árið á undan. Það varð þó fljótlega ljóst að ekki yrði unnt að halda þá viðburði sem stefnt var að í upphafi árs. Lagt var upp með að halda útítonleika í tilefni af afmæli deildarinnar. Skipulag í kringum þá var komið mjög langt á veg en blása þurfti þá af vegna fjöldatakmarkana sem þá voru í gangi. Framleiddir voru veglegir taupokar í tilefni afmælisins sem áttu að vera til sölu á afmælisviðburðum. Fundahöld og aðgerðir ungliða fóru að mestu fram í gegnum netið og því miður varð að aflýsa stærstu aðgerðum ungliðahreyfingarinnar eins og Menningarnótt, Druslugöngunni



Aðgerðasinni Amnesty International, Sveinn Rúnar Hauksson ásamt Claudiu Ashonie Wilson, varaformanni Íslandsdeildar AI og Önnu Lúvíksdóttur, framkvæmdastjóra.

og þátttöku í Reykjavík Pride. Einnig varð ekkert af Reykjavíkurmaraþoninu. Ljóst er að þegar faraldurinn lýkur og

takmörkunum verður aflétt er töluvert verkefni fram undan við að setja aðgerðir og viðburði aftur á dagskrá.

AÐGERÐIR, UNGLIÐAR OG FRÆÐSLA

Árið 2021 fór aðgerðastarf Íslandsdeildar Amnesty International fram í gegnum netákall, sms-aðgerðanet, með þátttöku í **PITT NAFN BJARGAR LÍFI** og þátttöku í starfi ungliða-hreyfingar og aðgerðasinna. Með þessum mismunandi aðgerðaformum tekst deildinni að ná til fjölda fólks, félaga og almennings, uppfæra, efla og hvetja til þátttöku í baráttunni fyrir mannréttindum.

Í lok árs 2021 voru félagar í netákalli ríflega **21.867** talsins og gripu þeir til aðgerða í **35** málum á árinu, **50.906** undirskriftir söfnuðust sem sendar voru stjórnvöldum víða um heim.

Skráðir félagar í sms-aðgerðanetinu voru **9.121** í lok árs 2021 sem fengu **36** áköll send og söfnuðust **25.554** undirskriftir.

UNGLIÐAHREYFINGIN

Starf ungliðahreyfingar Íslandsdeildar Amnesty International lá í dvala og átti erfitt uppdráttar vegna kórónuveirufaraldursins. Hætt var við druslugöngu, Hinsegin daga og afmælistónleika Amnesty International. Í lok árs 2021 voru **193** skráðir í ungliðahreyfingu Íslandsdeildar Amnesty International um land allt. Alls stóð ungliðahreyfingin fyrir **10** aðgerðum og viðburðum og safnaði undirskriftum vegna **9** ákalla.

MANNRÉTTINDAFRÆÐSLA

Líkt og árið áður var 2021 rólegt fræðsluár vegna kórónuveirufaraldursins. Samt sem áður fengum við tækifæri til að bæði heimsækja einhverja skóla sem og halda rafrænar fræðslur. Á árinu voru haldnir **39** fræðslufundir fyrir **1.196** einstaklinga. Yfirleitt fór fræðslan fram í grunn- og framhaldsskólum en einnig jókst áhugi fyrirtækja á fræðslu um samtökin og mannréttindi almennt til muna.

Líkt og síðastliðin ár var gefið út kennsluefni samhliða herferðinni **PITT NAFN BJARGAR LÍFI** sem og var keppnin Mannréttindaskóli ársins á sínum stað. Kennsluefnið að þessu sinni sneri að fimm málum herferðarinnar sem meðal annars beindu sjónum að ungum pólandum mannréttindabrota.



MÁ BJÓÐA ÞÉR MANNRÉTTINDI?

Í september kom út kennsluefnið **MÁ BJÓÐA ÞÉR MANNRÉTTINDI?** sem samanstendur af myndskreyttri sögu, sex örteiknimyndum og verkefni fyrir grunn- og framhaldsskóla. Í verkefninu kynna nemendur sér Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, greina mannréttinda-

brot í fimm raunverulegum sögum pólanda og velta fyrir sér sínu hlutverki sem þátttakendur í lýðræðislegu samfélagi. Úrval fagfólks kom að gerð efnisins: Elísabet Rún teiknari, Eiríkur Sigurðsson hljóðvinnslumaður, Guðrún Jónsdóttir hreyfihönnuður og Sigrún Hreins hreyfihönnuður. Vala Ósk Fríðudóttir fræðslustjóri Íslandsdeildarinnar og Thelma Marín Jónsdóttir unnu handrit og sinntu leikstjórn. Þá deildu fimm pólandur mannréttindabrota sögu sinni og gerðu þannig framleiðslu myndbandanna mögulega.

NETNÁMSKEIÐ Á ÍSLENSKU UM MANNRÉTTINDI

Árið 2022 gaf Íslandsdeildin út tvö netnámskeið á íslensku, annars vegar námskeiðið **RÉTTURINN TIL AÐ MÓTMÆLA** og hins vegar námskeiðið **TÖKUM AFSTÖÐU GEGN DAUÐAREFSINGUNNI**. Námskeiðin, ásamt öðrum námskeiðum á ýmsum tungumálum, eru aðgengileg á vefsíðunni <https://academy.amnesty.org/learn>.



Aðalfundur ungliðahreyfingarinnar var vel sóttur.



Ungliðahreyfingin leiddi göngu að samstöðufundi með afgönsku þjóðinni.

ÞITT NAFN BJARGAR LÍFI

Árleg herferð Amnesty International, **ÞITT NAFN BJARGAR LÍFI**, árið 2021 gekk nokkuð vel en alls söfnuðust **66.180** undirskriftir vegna **tíu** mála á aðgerðakort, í sms-aðgerðaneti, netákalli og á vefsíðu herferðarinnar, auk þess sem nokkur hundruð skrifuðu stuðningskveðjur til þolenda og fjölskyldna þeirra. Um **7%** heildarfækkun undirskrifta var að ræða á milli áranna 2020 og 2021 þrátt fyrir að söfnun á aðgerðakort hafi verið tekin upp aftur á árinu eftir hlé á tímum kórónuveirufaraldursins. Fjöldi undirskrifta á vefnum var **54.729**, sem er **14%** fækkun undirskrifta á milli ára. Ætla má að það auglýsingaefni sem hannað var fyrir deildina árið 2021 hafi ekki náð jafn miklu flugi og árin tvö þar á undan jafnvel þó að fjölmiðlaumfjöllun um herferðina hafi verið með mesta móti, en alls birtust **28** umfjallanir.

Flestar undirskriftir söfnuðust vegna mála tveggja ungmenna, Ciham Ali frá Erítreu og Mikita Zalatarou frá Hvíta-Rússlandi.

VIÐBURÐIR

Alls tóku **13** staðir um land allt þátt í undirskriftasöfnun á aðgerðakort, á kaffihúsum, bókasöfnum og jólamörkuðum, og gekk söfnunin vel en samtals náðist að safna **7.051** undirskrift á kortin.

Hápunktur herferðarinnar var heimsókn Wendy Andreu Galarza, aðgerðasinna og feminista, og Edith Olivares Ferreto, framkvæmdastjóra Amnesty International í Mexíkó, til landsins. Mál Wendy var eitt þeirra tíu mála sem tekin voru fyrir í **ÞITT NAFN BJARGAR LÍFI** en hún greindi frá baráttu sinni gegn ofbeldi og morðum á konum í heimalandi sínu á málþingi sem haldið var í Háskóla Íslands í lok nóvember.

Til að minna á herferðina voru einnig ýmsar áberandi byggingar víða um land baðaðar gulu ljósi og gámi komið fyrir á Skólavörðuholti til að vekja fólk til umhugsunar um þær skelfilegu



Harpa böðuð gulum bjarma.

aðstæður sem talið er Ciham Ali frá Erítreu búi við.

MANNRÉTTINDAFRAMHALDSSKÓLAR ÁRSINS

Í ár tóku **23** framhaldsskólar á landinu þátt í átakinu og söfnuðu samtals **7.781** undirskrift, sem er **44%** aukning á milli ára. Kvennaskólinn í Reykjavík bar sigur úr býtum þriðja árið í röð með **1.416** undirskriftir og Menntaskóli Borgarfjarðar sigraði í flokki flestra undirskrifta miðað við nemendafjölda en þar söfnuðu nemendur **429** undirskriftum.

MANNRÉTTINDAGRUNNSKÓLAR ÁRSINS

Grunnskólakeppni **ÞITT NAFN BJARGAR LÍFI** var haldin með svipuðu sniði og síðustu ár. Kynningarefni var sent til allra grunnskóla landsins sem og hvatning í gegnum tölvupóst. Einnig nýtti fræðslustjóri tengingar inn í ýmsa grunnskóla.

Heildarfjöldi undirskrifta sem safnað var af grunnskólum var **7.874** í ár en hafði verið **2.502** árið 2020. Háteigsskóli átti þar stórsigur í báðum flokkum og safnaði **7.192** undirskriftum í heild eða um **50** undirskriftum á hvern nemanda.



Wendy og Edith á skrifstofu Íslandsdeildar Amnesty International.

NÝ HEIMSSTEFNA TIL NÆSTU ÁTTA ÁRA

Vinna að nýrri heimsstefnu Amnesty International hefur staðið í nokkur ár. Stefnan var samþykkt á heimsþingi

samtakanna í september 2021. Helstu alþjóðlegu mannréttindaáherslurnar næstu árin verða þessar:

Tjáningarfrelsið og borgaralegt rými	Jafnrétti og bann við mismunun
Að árið 2030 muni borgaralegt rými hafa aukist í heiminum. Að fleira fólk, á fleiri stöðum, í fleiri aðstæðum, bæði á netinu og í raunheiminum, geti á öruggan máta nýtt sér tjáningarfrelsi sitt, verndað af lögum og reglum, sem verndar það gegn ofbeldi, áreitni og óréttlátri meðferð.	Að árið 2030 muni ríki og fyrirtæki samþykkja og innleiða mannréttindamiðuð lög og reglur sem takast á við rót ójafnréttis, berjast gegn öllum gerðum mismununar og tryggja mannréttindavernd fyrir þau sem verða fyrir áhrifum loftslagsbreytinga.
- Styrkjum tjáningarfrelsið og fundarfrelsi. - Verndum réttinn til friðsamlegra mótmæla.	- Stuðla að jafnrétti kynjanna og réttlæti til allra hópa. - Stuðla að réttindum til heilsu, húsnæðis og félagslegs öryggis. - Vernda loftslagsréttindi. - Vernda réttindi fólks á flóttu, farandfólks og þeirra sem búa við átök.
Amnesty styrkir getu sína til að koma á jákvæðum breytingum á sviði mannréttinda í heiminum með því að fjárfesta í: - Grunnstyrkleikum Amnesty; rannsóknnum, mannréttindafræðslu og málsvarnarstarfi. - Hreyfingu sem er drifin áfram af einstaklingum. - Samstarfi við samstarfsaðila. - Vexti samtakanna, bæði fólks og fjármagns.	

KJARNASTAÐLAR

Á árinu voru kjarnastaðlar Íslands-deildar Amnesty International samþykktir af stjórn samtakanna. Markmið staðlanna er að skýra betur ferla, verklag og stefnur deildarinnar en þeir innihalda verklagsreglur, ferla, viðmið og bestu starfshætti fyrir starfsfólk, framkvæmdastjóra, stjórn og sjálfboðaliða. Staðlarnir eru byggðir á stefnum Amnesty International og íslenskum lögum og skiptast í þrjá kafla: stjórnskipulag, hlutverk og stjórnun og stefnur og verklagsreglur. Fyrstu tveir kaflarnir eiga við stjórn og framkvæmdastjóra en þriðja kafla er allra helst beint að starfsfólki. Má þar helst nefna ítarlega mannauðsstefnu byggða á jafnrétti og bann við mismunun sem inniheldur m.a. ferla fyrir einelti, ofbeldi og áreitni, hagsmunaárekstra, kvörtunar- og deilumál og vernd uppljóstrara, ásamt því að fara yfir viðurlög deildarinnar, starfskjör og heilsu og öryggi á vinnustað. Þar má einnig sjá nýjar stefnur er varða stjórnmal, umhverfismál og samfélagsmiðla ásamt því að farið er yfir verklagsreglur er varða kynja- og jafnréttissamþættingu, fjármál og upplýsinga- og áhættustjórnun. Innleiðing á nýjum verkferlum fer fram árið 2022. Staðlarnir tryggja að allar deildir Amnesty vinni samkvæmt bestu starfsvenjum og að tekið sé eins á málum sem upp geta komið í starfi deildanna.

GÓÐAR FRÉTTIR:

PEGASUS-RANNSÓKNIN HEFUR ÁHRIF VIÐA UM HEIM

Pegasus-rannsóknin, sem Amnesty International vann með einum stærstu fjölmiðlasamtökum heims, afhjúpaði stórtæk mannréttindabrot með leynilegu stafrænu eftirliti. Málið náði heimsathygli í kjölfarið og leiddi til þess að njósnaðarvirkni NSO Group var sett á svartan lista í Bandaríkjunum. Þá hóf fjöldi landa rannsókn og kallað var eftir auknum reglum fyrir eftirlitsiðnaðinn.



FJÖLMIÐLAR OG SAMSKIPTI VIÐ STJÓRNVÖLD

Umfjöllun í fjölmiðlum um mannréttindi og baráttumál Amnesty International jókst til muna á milli ára en alls skráðum við **243** birtingar árið 2021 en **217** árið áður. Helst var minnst á Amnesty International í umfjöllunum tengdum flóttafólki, tjáningarfrelsinu, mótmælum, kórónuveiru-faraldrinum, íþróttum og herferðinni **PITT NAFN BJARGAR LÍFI** 2021. Síðastliðið ár hefur deildin verið virk á samfélagsmiðlum og heldur úti síðum á Facebook, Instagram, Twitter og Youtube. Á Facebook eru fylgjendur **20.678** og nýtir deildin síðuna nánast daglega til að miðla upplýsingum til almennings. Fylgjendum deildarinnar á Instagram fer fjölgandi og eru þeir nú **1.742** en voru **1.095** tveimur árum áður. Herferðin **PITT NAFN BJARGAR LÍFI** var áberandi á fjölmörgum miðlum og auglýsingaskiltum. Á samfélagsmiðlum náðu auglýsingar herferðarinnar til tæplega **151** þúsund manns en til um **147** þúsund manns árið áður.

Ánægjulegt er að segja frá því að heimsóknum á heimasíðu deildarinnar www.amnesty.is heldur áfram að fjölga. Rúmlega **51** þúsund einstaklingar heimsóttu vefsíðuna árið 2021 en rúmlega **46** þúsund árið áður. Fjöldi einstakra heimsókna var **188.362** en **190.363** árið á undan.

SAMSKIPTI VIÐ STJÓRNVÖLD

Íslandsdeild Amnesty International átti í töluverðum samskiptum við íslensk stjórnvöld á liðnu ári. Málefnið voru af ýmsum toga og ljóst að mikilvægt er að deildin sé vakandi fyrir þeim tækifærum sem bjóðast til þess að koma tillögum og athugasemdum á framfæri við stjórnvöld. Hér að neðan

er brot af þeim málum sem deildin tók upp við íslensk stjórnvöld.

ÍSLANDSDEILDIN:

- ▶ Hvatti Ísland og önnur ríki mannréttindaráðsins til að grípa til sameiginlegra aðgerða og gagnrýna ástand mannréttinda í Egyptalandi.
- ▶ Að dómsmálaráðherra legði fram frumvarp um hatursorðræðu með þröngri skilgreiningu á hvað hatursorðræða er.
- ▶ Andmælti breytingu um skerðingu á grunnþjónustu og takmarkanir á fjölskyldusameiningu sem sett var fram í frumvarpi um breytingu á lögum um útlendinga og lögum um atvinnuréttindi.
- ▶ Hvatti íslensk yfirvöld til þess að koma á fót innlendri mannréttindastofnun og tryggja nægt fjármagn og sérþekkingu til þess að stofnunin gæti sinnt hlutverki sínu með sóma.
- ▶ Hvatti íslensk stjórnvöld til að leggja af stranga stefnu um endursendingar fólks í sérstaklega viðkvæmri stöðu til Grikklands.
- ▶ Hvatti stjórnvöld til að leggja meiri áherslu á mannréttindi í menntastefnu Reykjavíkur.
- ▶ Hvatti íslensk stjórnvöld til að styðja við fimm tillögur um aðgerðir frá IS til að stemma stigu við loftslagsvá Loftlagsráðstefnu Sp COP26.
- ▶ Fagnaði ályktun um Íran sem Ísland fór fyrir í sameiginlegum hópi í mannréttindaráðinu.



GÓÐAR FRÉTTIR:

HEILBRIGÐISSTARFSFÓLK Í EGYPTALANDI LEYST ÚR HALDI

Tímamótaskýrsla Amnesty International greindi frá því hvernig heilbrigðisstarfsfólk sætti þöggun og árásum á tímum faraldursins. Skýrslan leiddi til þess að læknirinn Ibrahim Badawi og tannlæknirinn Ahmad al-Daydoumy voru leystir úr varðhaldi í janúar og mars 2021. Þeir voru á meðal fjölda heilbrigðisstarfsfólks sem var handtekið að geðþótta í Egyptalandi árið 2020.

FJÁRÖFLUN OG FÉLAGAÖFLUN

Félagagaöflun gekk mjög vel en aldrei hafa fleiri félagar bæst í hópinn. Samstarfið við Takk (dótturfyrirtæki Miðlunar) er mjög gott og eins og venjan er hefst árið á úthringilista þátttakenda í **ÞITT NAFN BJARGAR LÍFI** en í ár var hann gríðarlega stór, **838** nöfn.

Önnur verkefni fjáröflunnar voru: Umbreytingar á netákallinu, fjölbreyttir listar frá samfélagsmiðlum (Facebook lead), eftirfylgni með afskráningum og björgunarverkefni. Heildarfjöldi nýrra mánaðarlegra styrktaraðila var **1.703** manns sem er **23%** aukning frá 2020. Meðalframlag nýrra lækkaði um **10,8%**

og er nú **1.520** krónur. Tekjur frá nýjum félögum á ársgrundvelli voru rúmar **30** milljónir en kostnaður við öflun rúmar **23** milljónir.

SVÖRUM STRAX

Við prófuðum nýtt úthringifyrirtæki samhliða Takk og það aflaði **37** einstaklinga til viðbótar með tæplega **500 þúsund** á ársgrundvelli auk stakra styrkja.

SMS-AÐGERÐANETIÐ

Árstekjur úr sms-aðgerðanetinu voru rúmar **56** milljónir og vill Íslandsdeildin

þakka Símanum kærlega fyrir stuðninginn við þessa einstöku aðgerða- og fjáröflunarleið.

VÖRUSALA

Heildarvörusala dróst saman um **25%** milli ára. Sala á jólakortum dróst saman um **45%** í verslunum Pennans. Tekin hefur verið ákvörðun um að hætta með jólakortin, bæði vegna umhverfissjónarmiða svo og minnkandi sölu. Salan á **FYRIR AMNESTY**-sokkunum gekk ágætlega miðað við aðstæður en sokkasendingu seinkaði allverulega til landsins og ekki náðist að útbúa markaðsefni. Tæplega **1.000** pör voru seld í lok árs 2021 miðað við **1.400** pör 2020.

VEFSÍÐA

Stakir styrkir gegnum vefsíðu voru **543.599** kr. og **92** gerðust mánaðarlegir félagar og greiða **2.104.800** á ársgrundvelli.

MYNDIR ÚR STARFINU



HELSTU TEKJUR OG GJÖLD

TEKJUR

Framlög félagsmanna	133.410.382
Baukar og frjáls framlög án hvatningu	116.946
Annar Söluvarningur	1.349.095
SMS net	58.459.734
Vefmyndavélahula	16.088
Aðrar tekjur	5.536
Samtals	193.357.781
Vaxtatekjur	345.147
Samtals	193.702.928

ÚTGJÖLD

Fjáröflunarkostnaður	40.322.144
Alþjóða- og mannréttindastarf	104.534.747
Skrifstofu- og rekstrarkostnaður	36.959.079
Húsnæðiskostnaður	3.013.235
Samtals	184.829.205

VERSLAÐU Á AMNESTY.IS OG STYRKTU MANNRÉTTINDABARÁTTUNA

MYNDASAGA – MÁ BJÓÐA ÞÉR MANNRÉTTINDI?

Fjallað er um hugtakið mannréttindi og stiklað á stóru í sögu mannréttinda í heiminum.

Elísabet Rún teiknaði og setti upp.



TAUTASKA – JAFNRÉTTI

Tautaskan okkar er vönduð, úr þykku bómullarefni frá umhverfisvænum framleiðanda. Tilvalin í sund- eða búðarferðina.



GJAFABRÉF

Gjafabréfin okkar eru tilvalin gjöf til þeirra sem eiga allt. Allur ágóði rennur óskiptur til mannréttindastarfs Íslandsdeildarinnar.

HÆGT ER AÐ TAKA ÞÁTT Í STARFI AMNESTY Á ÝMSA VEGU:

- Sms-aðgerðanetið (í senn fjáröflun og aðgerðanet)
- Félaganetið okkar (styrktu samtökin mánaðarlega – þú velur upphæð)
- Árgjaldsfélagar (styrktu samtökin um eitt fast gjald á ári)
- Styrktarhópur (major-donors, styrktu samtökin um hærri upphæð árlega)
- Netákallið okkar (þrjú áköll á mánuði – enginn fjárhagslegur stuðningur)
- Aðgerðahópur (taktu þátt í skipulagningu á viðburðum – enginn fjárhagslegur stuðningur)

Allur ágóði rennur óskiptur til mannréttindastarfs Íslandsdeildarinnar.

WWW.AMNESTY.IS